

# STARFSLEYFI

[UST202105-075]<sup>1</sup>

[Sjókvíaeldi á laxfiskum]<sup>2</sup>

Arnarlax ehf.,

Patreksfjörður og Tálknafjörður

Lögheimili:

Strandgötu 43, 460 Tálknafjörður

Kt.: 580310-0600

## 1 ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Arnarlax ehf., kt. 580310-0600, fyrir sjókvíaeldi [með allt að 12.200 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma]<sup>3</sup> af laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Arnarlax ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstaraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi.

Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til [eldis með allt að 12.200 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma]<sup>4</sup> í Patreksfirði og Tálknafirði. Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðaukum 1 og 2. Rekstraraðila er heimilt að [ala]<sup>5</sup> lax í kynslóðaskiptu eldi í sjókvíum á tveim sjókvíaeldissvæðum með eftirfarandi takmörkunum:

<sup>1</sup> Breyting, málsnúmer uppfært í samræmi við umsókn.

<sup>2</sup> Breyting, áður stóð „framleiðsla á laxi“.

<sup>3</sup> Breyting, áður stóð „á 10.700 tonna ársframleiðslu“.

<sup>4</sup> Breyting, áður stóð „framleiðsla á 10.700 tonnum af laxi (að hámarki 12.200 tonn af lífmassa á hverjum tíma)“.

<sup>5</sup> Breyting, áður stóð „framleiða“.

**Patreksfjörður [**

- eldissvæðið Eyri
- Sandoddi
- eldissvæðið Vatneyri]<sup>6</sup>

**Tálknafjörður [**

- eldissvæðið Laugardalur]<sup>7</sup>

Eldið er að jafnaði á tveimur eldissvæðum í senn og að loknu því tímabili eru eldissvæðin hvíld sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi.

Fjarlægðamörk milli skulu vera samkvæmt 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi, að meginviðmiði 5 km milli ótengdra aðila frá útmörkum hvers eldissvæðis. Matvælastofnun getur heimilað aðrar fjarlægðir.

**1.3 Eftirlit**

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

**1.4 Breytingar á rekstri**

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

[Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.]<sup>8</sup>

<sup>6</sup> Breyting, áður stóð „(Hlaðeyri, Sandoddi og Þúfnaeyri), Þúfneyri - framleiðslumagn allt að 5.350 tonnum á ári, Sandoddi - framleiðslumagn allt að 5.350 tonnum á ári, Hlaðeyri - framleiðslumagn allt að 2.000 tonnum á ári“.

<sup>7</sup> Breyting, áður stóð „(Laugardal), framleiðslumagn allt að 5.350 tonnum á ári“.

<sup>8</sup> Breyting, viðbót.

## 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði, tækjum, rekstrarsvæði, olúgeymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu hráefni sem tilheyrir rekstrinum. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal brunavörnum viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

## 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt að endurskoða starfsleyfið meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef burðarpólsmat svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breytingar verða á áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

[Rekstraraðili skal, sé þess óskað af Umhverfisstofnun, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.]<sup>9</sup>

### 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

[Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.]<sup>10</sup>

### 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

### 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögum.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

## 2 STARFSHÆTTIR

### 2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaráhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

<sup>9</sup> Breyting, viðbót.

<sup>10</sup> Breyting, ákvæði í grein uppfærð.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

[Athafnasvæði stöðvarinnar nær til þess svæðis sem tilgreint er í viðauka 1. og starfstöðva rekstraraðila í landi, hvort heldur sem um er að ræða varanlegar eða tímabundnar starfsstöðvar.]<sup>11</sup>

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

## 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðila skal sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á eldiskvíum, lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

## 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

## 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

---

<sup>11</sup> Breyting, viðbót.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

## 2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í gr. 1.6.

## 3.2 Hvíldartími

Hvert eldissvæði skal hvíla í a.m.k. [90 daga]<sup>12</sup> á milli eldislota (frá lok slátrunar).

Þrátt fyrir hvíld eldissvæða skv. 1. mgr. getur Umhverfisstofnun einhliða frestað útsetningu eftir [90 daga]<sup>13</sup> hvíldartíma, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði/eldissvæði að mati Umhverfisstofnunar. [Matið byggir á niðurstöðum umhverfis- og vöktunarmælinga samkvæmt vöktunaráætlun.]<sup>14</sup>

Tilkynna þarf eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna.

<sup>12</sup> Breyting, áður stóð „sex mánuði“.

<sup>13</sup> Breyting, áður stóð „sex mánuði“.

<sup>14</sup> Breyting, viðbót.

### 3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

### 3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 9,0 kg /tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Rekstraraðili hefur heimild til að nota eldisnætur sem litaðar eru með ásætuvernum sem innihalda koparoxíð. Heimildin er bundin skilyrði um vöktun kopars í umhverfinu skv.

vöktunaráætlun. Bendi vöktunarmælingar til að kopar safnist upp á eldissvæðum er Umhverfisstofnun heimilt að endurskoða heimildina fyrir notkun ásætuvarna. Tekið skal mið af umhverfismörkum II vegna kopars í sjávarseti í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns við þá endurskoðun. Rekstraraðili hefur ekki heimild til að lita nætur á eigin vegum.

### 3.5 Eldiskvívar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fóðurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfsemi í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal nota upplýsingar sem fást með umhverfisvöktun, sbr. 5. kafla, til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía.[...]¹⁵

### 3.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemi er í vatnshlotum nr. 101-1279-C og 101-1382-C. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi eldissvæðanna í firðinum er varða líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. gr. 1.6, ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

### 3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

### 3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

¹⁵ Breyting, áður stóð „Þéttleiki lífmassa í kví skal ekki vera meiri en 25 kg/m³.“

### 3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

### 3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

### 3.11 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.9 um lífbrjótanlegan úrgang og reglugerð nr. 674/2017.

### 3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6 og 2.7.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

## 4 INNRA EFTIRLIT

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- [lífmassaaukning,]<sup>16</sup> framleiðslumagn og afföll ársins,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsi- og sóttthreinsiefna [og lyfja sem notuð eru]<sup>17</sup>,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,

<sup>16</sup> Breyting, viðbót.

<sup>17</sup> Breyting, viðbót.



- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni [og meðhöndlun hans]<sup>18</sup>,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- niðurstöður vöktunarmælinga,
- losun næringarefna,
- lyfjagjöf m.a. vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif),
- útsetningu seiða (magn og dagsetning),
- [notkun á koparlituðum nótapokum.]<sup>19</sup>

## 4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður vöktunarmælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði gr. 3.6.

## 4.3 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti, sbr. gr. 4.2. Skilafrestur framlengist þó ekki við það.

# 5 UMHVERFISVÖKTUN

## 5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera samkvæmt staðlinum ÍST ISO 12878 og samþykktum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum<sup>20</sup> og gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungum og fuglalíf. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Taka skal mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Endurskoða skal vöktunaráætlun óski Umhverfisstofnunar eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfisstöðunum eða umhverfisstjórnunarkerfi.

## 5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt gr. 5.1 eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfisstofnun samþykkir.

---

<sup>18</sup> Breyting, viðbót.

<sup>19</sup> Breyting, viðbót.

<sup>20</sup> Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

## 6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemin þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

[...] <sup>21</sup> Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, frávikna eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi gildir til 28. ágúst 2035.

Með gildistöku starfsleyfis gefið út 28. ágúst 2019 féll úr gildi eldra starfsleyfi Fjarðalax ehf. frá 24. maí 2011, fyrir allt að 3.400 tonna eldi í Patreks- og Tálknafirði.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis og/eða breytingu er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík [09.06.2022]<sup>22</sup>

Umhverfisstofnun

**Elva Rakel Jónsdóttir**  
staðgengill forstjóra


**Steinar Rafn Beck Baldursson**  
sérfræðingur

---

<sup>21</sup> Breyting 2022, ákvæði um gjaldflokka í eftirliti tekið út.

<sup>22</sup> Leyfið var upphaflega gefið út 28. ágúst 2019.

## Viðauki 1[



Á kortinu má sjá staðsetningar sjókvíaldis í starfsleyfi Arnarlax ehf í Patreks- og Tálknafirði. ]<sup>23</sup>

<sup>23</sup> Breyting 2022, ný svæði.

## Viðauki 2[

Eldissvæði	Hornpunktar	Hnit eldissvæða
<b>Patreksfjörður</b>		
<b>Eyri (Þúfnaeyri)</b>	1	65°34.959'N 23°59.459'W
	2	65°34.960'N 23°58.234'W
	3	65°34.775'N 23°57.895'W
	4	65°34.474'N 23°57.895'W
	5	65°34.474'N 23°59.463'W
<b>Patreksfjörður</b>		
<b>Sandoddi</b>	1	65°32.817'N 23°55.817'W
	2	65°33.083'N 23°55.816'W
	3	65°33.083'N 23°55.433'W
	4	65°32.817'N 23°55.433'W
<b>Patreksfjörður</b>		
<b>Vatneyri</b>	1	65°38.164'N 24°04.591'W
	2	65°37.512'N 24°03.352'W
	3	65°37.247'N 24°04.779'W
	4	65°37.918'N 24°05.277'W
<b>Tálknafjörður</b>		
<b>Laugardalur</b>	1	65°39.277'N 23°56.974'W
	2	65°39.581'N 23°56.524'W
	3	65°38.652'N 23°53.684'W
	4	65°38.409'N 23°54.134'W

Hnit eldissvæða í Patreks- og Tálknafirði]<sup>24</sup>

<sup>24</sup> Breyting 2022, ný hnit.

## Viðauki 3

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- [Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.]<sup>25</sup>
- Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara sbr. gr. 3.2.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að skila eigi ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.3 eru ákvæði um skiladaga fyrir [umhverfisupplýsingar]<sup>26</sup>.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

---

<sup>25</sup> Breyting, viðbót.

<sup>26</sup> Breyting 2022, hér stóð áður grænt bókhald og útstreymisbókhald.

## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna breytingar á starfsleyfi Arnarlax ehf. í Patreks- og Tálknafirði

#### 1. Almenn

Arnarlax ehf. sótti um breytingu á starfsleyfi þess í Patreks- og Tálknafirði þann 5. maí 2021. Um er að ræða sjókvíaeldi og snýr breytingin að breytttri tilhögun eldissvæða í Patreks- og Tálknafirði sem finna má í viðaukum leyfisins og breytingu á hvíldartíma. Einnig voru gerðar aðrar breytingar á ákvæðum einstakra greina leyfisins til að styrkja þau.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfi, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 20. apríl 2022 til og með 19. maí 2022. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 25. febrúar ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og á aðra hagsmunaaðila sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

#### 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Rekstraraðili sendi Skipulagsstofnun matsskyldufyrirspurn vegna breytingarinnar. Skipulagsstofnun birti ákvörðun um matsskyldu vegna breytingarinnar þann 8. nóvember 2022.

Ekki er um að ræða breytingu á umfangi eldis í Patreks- og Tálknafirði heldur er um að ræða breytingu á eldissvæðum og styttingu hvíldartíma.

Umhverfisstofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar um tilfærslu á eldissvæðum og styttingu á hvíldartíma þar sem talið var að breytingin kæmi ekki til með að hafa í för með sér meiri áhrif en sú framkvæmd sem þegar hafði verið metin. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar var fjallað um málsmeðferð hennar og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við hana.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar telur hún að í starfsleyfi þurfi að vera skýr ákvæði um heimildir leyfisveitanda til að bregðast við reynist umhverfisástand ófullnægjandi auk þess að sett verði skilyrði um eftirfarandi:

1. Vöktun verði á sýrefnisstyrk við botn og styrk næringarefna í sjó og að tilhögun og nákvæmni þeirrar vöktunar sé í samræmi við það sem Hafrannsóknastofnun telur fullnægjandi til að byggja á við endurskoðun burðarþolsmats.

2. Að kveðið sé sérstaklega á um vöktun sýrefnis í botnlagi við eldissvæði við Vatneyri og heimildir starfsleyfisveitanda til að fresta útsetningu eða grípa til annarra aðgerða gefi niðurstöður vöktunar tilefni til.

3. Að vöktun á næringarefnum fari fram þegar styrkur þeirra er hvað mestur.

4. Að vöktunaráætlun liggja fyrir áður en leyfi verði veitt.

5. Skýr viðmið um ástand botndýralífs og að tilgreindar verði mótvægisáðgerðir reynist ástand ekki ásættanlegt.

6. Að ekki sé hægt að hefja eldi á ný fyrr en botndýralíf á svæðinu hefur náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar. Leiði vöktun í ljós að ástand botns vegna yfirstandandi eldis sé ekki ásættanlegt skal draga úr framleiðslu á viðkomandi svæði eða lengja hvíldartíma.

#### Viðbrögð Umhverfisstofnunar við skilyrðum Skipulagsstofnunar

Samkvæmt gr. 3.2 starfsleyfi getur Umhverfisstofnun, einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar. Önnur atriði sem minnst er að ofan eru skoðuð samkvæmt vöktunaráætlun sem var auglýst með tillögu að starfsleyfi og liggur fyrir við útgáfu starfsleyfisins. Þá skal rekstraraðili skv. gr. 4.1 hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið.

### 3. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Athugasemd barst frá R. Marino Thorlacius landeiganda í Örlygshöfn.

Hér á eftir fylgir útdráttur úr athugasemdum og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum er snúa að auglýstri tillögu að starfsleyfi.

Hér á eftir fylgir útdráttur úr athugasemdum og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum er snúa að auglýstri tillögu að starfsleyfi Arnarlax.

- Gerð er athugasemd við að matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar sé í kærufarli og því ekki forsvaranlegt að gefa út leyfi.
  - Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er tekið fram að kæra til nefndarinnar fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar en jafnframt sé kæranda þar heimilað að krefjast stöðvunar framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Samkvæmt 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 frestar kæra til æðra stjórnvalds ekki réttaráhrifum ákvörðunar en þó er heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar til bráðabirgða meðan málið er til meðferðar hjá kærustjórnvaldi þar sem ástæður mæli með því. Tilvitnuð lagaákvæði ber með sér að meginreglan er sú að kæra til æðra stjórnvalds fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar og séu heimildarákvæði fyrir stöðvun framkvæmda eða frestun réttaráhrifa kærðrar ákvörðunar undantekning frá nefndri meginreglu sem skýra beri þröngt. Verði því að vera ríkar ástæður eða veigamikil rök fyrir ákvörðun um frestun réttaráhrifa og stöðvun framkvæmda.
  - Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að fresta að gefa út leyfi á meðan matsskylduákvörðunin er í kærufarli. Verði niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að fella ákvörðun Skipulagsstofnunar úr gildi þá er stofnuninni heimilt að endurskoða starfsleyfið, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Gerð er athugasemd við að nú sé verið að fjalla um eldissvæði sem var hafnað í umhverfismatsskýrslu rekstraraðilana vegna ölduhæðar og veðurs árið 2016.
  - Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé hægt að segja að svæðunum hafi verið hafnað heldur voru lagði fram valskostir um staðsetningu og svæði innar í firðinum valin umfram hin.
- Gerð er athugasemd við að ekki sé fjallað um ásýndaráhrif í ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna breytinga á svæðum.

- Í umhverfismati framkvæmdar frá 23. september 2016 er farið yfir áskýndaráhrif sem fiskeldi hefur á þá firði sem það er í. Í niðurstöðu álitsins varðandi áskýnd kemur fram að talsverð neikvæð áhrif verði vegna kvía í fjörðum fyrir vestan. En áhrifin séu afturkræf verði eldi hætt. Tilfærsla eldissvæða breytir því ekki þeirri niðurstöðu og áhrif á áskýnd eru áfram neikvæð miðað við breytt svæði en áhrifin eru afturkræf veðri kvíar fjarlægðar.

#### **4. Breytingar frá auglýstri tillögu**

Gerð hefur verið breyting á gr. 1.6 til að styrkja þá grein.

#### **5. Aðrar leyfisveitingar**

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Unnið var að samræmingu starfsleyfis og rekstrarleyfis hjá stofnununum, sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### **6. Gildistaka**

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi fyrir rekstraraðila. Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu sbr. 4. gr. a laga nr. 71/2008, um fiskeldi, sem afhendir það og birtir rekstraraðila.